| | Kr. |
|---|---|
| Útlánaígildi afleiðusamninga samkvæmt reglum um mat á áhættugrunni | |

24. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með vísan til 57. gr. og 6. mgr. 66. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði nr. 43/1993 og 11. gr. laga um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði nr. 123/1993, öðlast þegar gildi og skulu gilda fyrir gerð ársreiknings fyrir reikningsárið 1995. Ákvæði 21. gr. gildir þó fyrst við gerð ársreiknings fyrir reikningsárið 1996.

*Seðlabanki Íslands, 29. desember 1995.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Þórður Ólafsson.*

Nr. 718 28. desember 1995

# REGLUGERÐ

**um (1.) breytingu á reglugerð nr. 650/1994 um eftirlit með fóðri.**

1. gr.

Við skilgreiningar í 5 gr. reglugerðarinnar bætist:

17. Sérfóður: Fóðurblanda sem vegna efnis- eða eðlisgerðar er frábrugðin bæði venjulegu fóðri og lyfjum og markmið með notkun er að fullnægja sérstökum næringarþörfum.

2. gr.

Við 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar bætast orðin:

. . . og lýst hefur verið í samræmi við ákvæði tilskipunar 94/40 EB um leiðbeiningar um mat á aukefnum í fóðri.

3. gr.

Aftan við tölulið 2.0 í B-lið IV. kafla reglugerðarinnar komi nýr töluliður, er verði töluliður 3.0 og ber yfirskriftina „Sérfóður“, svohljóðandi:

Krafa til fóðurblöndu sem ætluð er til að fullnægja sérstökum næringarþörfum er að notkunarsvið blöndunnar sé í samræmi við næringarmarkmiðið í dálki 1, dýrategund eða hóp, sbr. dálk 3 og einn eða fleiri af þeim eiginleikum í dálki 2 sem tilgreindir eru í töflu 3.1.

Tafla 3.1.

## Skrá yfir notkunarsvið sérfóðurs:

| Sérstök næringarmarkmið | Mikilvægir næringareiginleikar | Tegund eða flokkur dýra | Upplýsingar á merkimiða | Ráðlagður notkunartími | Önnur ákvæði |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
| Stuðningur við nýrnastarfsemi vegna langvinnrar nýrnabilunar ([1]) | Lágt fosfórinnihald og takmarkað prótíninnihald í háum gæðaflokki | Hundar og kettir | — Prótíngjafi (prótíngjafar)<br>— Kalsíum<br>— Fosfór<br>— Kalíum<br>— Natríum<br>— Innihald mikilvægra fitusýra (sé þeim bætt við) | Allt að 6 mánuðir til að byrja með ([2]) | Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða:<br>„Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun eða áður en notkunartími er framlengdur."<br>Upplýsingar í notkunarleiðbeiningum:<br>„Dýrið verður ávallt að hafa aðgang að vatni." |
| Upplausn strúvítsteina ([3]) | — Þvagsýringareiginleikar, lágt magníuminnihald og takmarkað prótíninnihald í háum gæðaflokki | Hundar | — Prótíngjafi (prótíngjafar)<br>— Kalsíum<br>— Fosfór<br>— Natríum<br>— Magníum<br>— Kalíum<br>— Klóríð<br>— Brennisteinn<br>— Þvagsýringarefni | 5 – 12 vikur | Upplýsingar í notkunarleiðbeiningum:<br>„Dýrið verður ávallt að hafa aðgang að vatni."<br>Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða:<br>„Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun." |
| | — Þvagsýringareiginleikar og lágt magníuminnihald | Kettir | — Kalsíum<br>— Fosfór<br>— Natríum<br>— Magníum<br>— Kalíum<br>— Klóríð<br>— Brennisteinn<br>— Tárín samtals<br>— Þvagsýringarefni | | |

| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|---|---|---|---|---|---|
| Að draga úr endurmyndun strúvítsteina ([3]) | Þvagsýringareiginleikar og miðlungs magníuminnihald | Hundar og kettir | — Kalsíum<br>— Fosfór<br>— Natríum<br>— Magníum<br>— Kalíum<br>— Klóríð<br>— Brennisteinn<br>— Þvagsýringarefni | Allt að 6 mánuðir | Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða:<br>„Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun." |
| Að draga úr myndun úratsteina | Lágt púríninnihald, lágt prótíninnihald í háum gæðaflokki | Hundar og kettir | Prótíngjafi (prótíngjafar) | Allt að 6 mánuðir; lífstíðar-notkun ef varanleg röskun er á þvagsýruefnaskiptum | Upplýsingar í notkunarleið-beiningum:<br>„Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun." |
| Að draga úr myndun oxalatsteina | Lágt kalsíuminnihald, lágt innihald D-vítamíns og efna sem gera þvag basískt | Hundar og kettir | — Fosfór<br>— Kalsíum<br>— Natríum<br>— Magníum<br>— Kalíum<br>— Klóríð<br>— Brennisteinn<br>— D-vítamín samtals<br>— Hýdroxýprólín<br>— Efni sem gera þvag basískt | Allt að 6 mánuðir | Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða:<br>„Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun." |
| Að draga úr myndun systínsteina | Lágt prótíninnihald, miðlungs innihald brennisteinsamínósýra og efna sem gera þvag basískt | Hundar og kettir | — Brennisteinsamínósýrur samtals<br>— Natríum<br>— Kalíum<br>— Klóríð<br>— Brennisteinn<br>— Efni sem gera þvag basískt | Allt að 1 ár til að byrja með | Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða:<br>„Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun eða áður en notkunartími er framlengdur." |
| Að draga úr óþoli af völdum innihalds- og næringarefna ([4]) | — Úrvalsprótíngjafi (úrvalsprótíngjafar) | Hundar og kettir | — Prótíngjafi (prótíngjafar)<br>— Innihald mikilvægra fitusýra (sé þeim bætt við) | 3 – 8 vikur: ef merki um óþol hverfa má nota fóðrið í ótakmarkaðan tíma | — |

| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|---|---|---|---|---|---|
| | og/eða<br>— Úrvalskolvetnisgjafi (úrvalskolvetnisgjafar) | | — Kolvetnisgjafi (kolvetnisgjafar)<br>— Innihald mikilvægra fitusýra (sé þeim bætt við) | | |
| Minnkun skyndilegra truflana á uppsogi í þörmum | Aukið innihald rafkleyfra efna og auðmeltanlegra innihaldsefna | Hundar og kettir | — Auðmelt innihaldsefni og meðhöndlun þeirra ef við á<br>— Natríum<br>— Kalíum<br>— Slímefnagjafar (sé þeim bætt við) | 1 – 2 vikur | Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða:<br>— „Við bráðum niðurgangi og þar til bata er náð."<br>— „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun." |
| Mótvægi við meltingartruflanir (5) | Auðmeltanleg innihaldsefni og lágt fituinnihald | Hundar og kettir | Auðmeltanleg innihaldsefni og meðhöndlun þeirra ef við á | 3 – 12 vikur; lífstíðarnotkun ef um langvinna briskirtilbilun er að ræða | Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða:<br>„Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun." |
| Stuðningur við hjartastarfsemi vegna langvinnrar hjartabilunar | Lágt natríuminnihald og aukið hlutfall K/Na | Hundar og kettir | — Natríum<br>— Kalíum<br>— Magníum | Allt að 6 mánuðir til að byrja með | Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða:<br>„Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun eða áður en notkunartími er framlengdur." |
| Stjórnun á glúkósaforða (sykursýki) | Lágt innihald kolvetna sem breytast hratt í glúkósa | Hundar og kettir | — Kolvetnisgjafi (kolvetnisgjafar)<br>— Meðhöndlun kolvetna, ef við á<br>— Sterkja<br>— Heildarsykurefni<br>— Glúkósi (sé honum bætt við)<br>— Innihald mikilvægra fitusýra (sé þeim bætt við)<br>— Fitusýrugjafi (fitusýrugjafar) með stuttri og miðlungslangri kolefnakeðju | Allt að 6 mánuðir til að byrja með | Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða:<br>„Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun eða áður en notkunartími er framlengdur." |

| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|---|---|---|---|---|---|
| Stuðningur við lifrarstarfsemi vegna langvinnrar lifrarbilunar | — Prótín í háum gæðaflokki, miðlungs prótíninnihald, lágt fituinnihald, hátt innihald mikilvægra fitusýra og hátt innihald auðmeltanlegra kolvetna | Hundar | — Prótíngjafi (prótíngjafar)<br>— Innihald mikilvægra fitusýra)<br>— Auðmeltanleg kolvetni og meðhöndlun þeirra ef við á<br>— Natríum<br>— Heildarinnihald kopars | Allt að 6 mánuðir til að byrja með | Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða:<br>„Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun eða áður en notkunartími er framlengdur.“ |
| | — Prótín í háum gæðaflokki, miðlungs prótíninnihald, miðlungs fituinnihald og hátt innihald mikilvægra fitusýra | Kettir | — Prótíngjafi (prótíngjafar)<br>— Innihald mikilvægra fitusýra<br>— Natríum<br>— Heildarinnihald kopars | | |
| Stjórnun á fituefnaskiptum vegna of hárrar blóðfitu | Lágt fituinnihald og hátt innihald mikilvægra fitusýra | Hundar og kettir | — Innihald mikilvægra fitusýra<br>— Innihald n-3-fitusýra (sé þeim bætt við) | Allt að 2 mánuðir til að byrja með | Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða:<br>„Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun eða áður en notkunartími er framlengdur.“ |
| Minnkun á koparinnihaldi í lifur | Lágt koparinnihald | Hundar | Heildarinnihald kopars | Allt að 6 mánuðir til að byrja með | Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða:<br>„Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun eða áður en notkunartími er framlengdur.“ |
| Stuðningur við starfsemi húðar vegna húðsjúkdóma og hárrnissis | Hátt innihald mikilvægra fitusýra | Hundar og kettir | Innihald mikilvægra fitusýra | Allt að 2 mánuðir | Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða:<br>„Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun.“ |
| Að draga úr hættu á doða | — Lágt kalsíuminnihald | Mjólkurkýr | — Kalsíum<br>— Fosfór<br>— Magníum | 1 – 4 vikur fyrir burð | Upplýsingar í notkunarleiðbeiningum:<br>„Hættið gjöf eftir burð.“ |

| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|---|---|---|---|---|---|
| | og/eða<br>— Lágt hlutfall bakskauts-/forskautsjóna | | — Kalsíum<br>— Fosfór<br>— Natríum<br>— Kalíum<br>— Klóríð<br>— Brennisteinn | | |
| Að draga úr hættu á súrdoða (6) (7) | Innihaldsefni sem eru orkugjafar í formi glúkósa | Mjólkurkýr og ær | — Innihaldsefni sem eru orkugjafar í formi glúkósa<br>— Própan-1,2-díól (sé því bætt við sem forefni glúkósa)<br>— Glýseról (sé því bætt við sem forefni glúkósa) | 3 – 6 vikur eftir burð (kýr) (8)<br>6 vikur fyrir og 3 vikur eftir burð (ær) (9) | |
| Að draga úr hættu á graskrampa (hypomagnesaemia) | Hátt magníuminnihald, kolvetni sem eru auðveldlega tiltæk, miðlungs próíninnihald og lágt kalíuminnihald | Jórturdýr | — Sterkja<br>— Heildarsykurefni<br>— Magníum<br>— Natríum<br>— Kalíum | 3 – 10 vikur á þeim tíma sem grasvöxtur er mikill | Í notkunarleiðbeiningum skulu vera upplýsingar um dagskammt, að því er varðar trefjaefni og orkugjafa sem eru auðveldlega tiltækir.<br>Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða ef fóðrið er ætlað sauðfé: „Einkum fyrir mjólkandi ær.“ |
| Að draga úr hættu á súrdoða | Lágt innihald auðgerjanlegra (auðmeltanlegra) kolvetna og hátt jafnamagn | Jórturdýr | — Sterkja<br>— Heildarsykurefni | Hámark 2 mánuðir (10) | Í notkunarleiðbeiningum skulu koma fram upplýsingar um dagskammt, að því er varðar trefjaefni og auðgerjanlega kolvetnisgjafa.<br>Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða ef fóðrið er ætlað mjólkurkúm: „Einkum fyrir nytháar kýr.“ |

| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða ef fóðrið er ætlað jórturdýrum til að auka fallþunga þeirra:<br>„Einkum fyrir alidýr." ([11]) |
| Að koma vökva og rafkleyfum efnum í jafnvægi | Einkum rafkleyf efni og kolvetni sem eru auðveld til upptöku | Kálfar<br>Mjólkurgrísir<br>Lömb<br>Kiðlingar<br>Folöld | — Kolvetnisgjafi (kolvetnisgjafar)<br>— Natríum<br>— Kalíum<br>— Klóríð | 1 – 7 dagar (1 – 3 dagar ef annað fóður er ekki gefið með) | Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða:<br>— „Ef hætta er á meltingartruflunum (niðurgangi), við meltingartruflunum og þar til bata er náð."<br>— „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun." |
| Að draga úr myndun þvagsteina | Lágt innihald fosfórs, magníums og þvagsýringarefna | Jórturdýr | — Kalsíum<br>— Fosfór<br>— Natríum<br>— Magníum<br>— Kalíum<br>— Klóríð<br>— Brennisteinn<br>— Þvagsýringarefni | Allt að 6 vikur | Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða:<br>„Einkum fyrir ung alidýr.<br>Upplýsingar í notkunarleiðbeiningum:<br>„Dýrið verður ávallt að hafa aðgang að vatni." |
| Að draga úr streituverkun | — Hátt magníuminnihald<br>og/eða<br>— Auðmeltanleg innihaldsefni | Svín | Magníum<br>— Auðmeltanleg innihaldsefni og meðhöndlun þeirra ef við á<br>— Innihald n-3-fitusýra (sé þeim bætt við) | 1 – 7 dagar | Veita skal leiðbeiningar um hvenær notkun þessa fóðurs er viðeigandi. |
| Að koma hinni líffræðilegu meltingu í jafnvægi | — Lágt jafnamagn og auðmeltanleg innihaldsefni | Mjólkurgrísir | — Auðmeltanleg innihaldsefni og meðhöndlun þeirra ef við á<br>— Jafnamagn<br>— Uppruni þurrkandi efna (sé þeim bætt við)<br>— Slímefnagjafar (sé slímefnum bætt við) | 2 – 4 vikur | Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða:<br>„Ef hætta er á meltingartruflunum, við meltingartruflunum og þar til bata er náð." |

| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|---|---|---|---|---|---|
| | — Auðmeltanleg innihaldsefni | Svín | — Auðmeltanleg innihaldsefni og meðhöndlun þeirra ef við á<br>— Uppruni þurrkandi efna (sé þeim bætt við)<br>— Slímefnagjafar (sé slímefnum bætt við) | | |
| Að koma í veg fyrir hægðatregðu | Innihaldsefni sem örva hægðahreyfingu | Gyltur | Innihaldsefni sem örva hægðahreyfingu | 10 – 14 dagar fyrir og 10 – 14 dagar eftir got | — |
| Að koma í veg fyrir fitulifurheilkenni (einkenni) | Lágt orkuinnihald og hátt hlutfall niðurbrjótanlegrar orku úr lípíðum með hátt innihald fjölómettaðra fitusýra | Varphænur | — Orkugildi (reiknað út samkvæmt aðferðum EBE)<br>— Hlutfall niðurbrjótanlegrar orku úr lípíðum<br>— Innihald fjölómettaðra fitusýra | Allt að 12 vikur | — |
| Mótvægi við skort á uppsogi | Lágt innihald fjölmettaðra fitusýra og hátt hlutfall fituleysanlegra vítamína | Alifuglar, nema gæsir og dúfur | — Hlutfall fjölmettaðra fitusýra með tilliti til heildarfitusýra<br>— A-vítamín samtals<br>— D-vítamín samtals<br>— E-vítamín samtals<br>— K-vítamín samtals | Tvær fyrstu vikurnar eftir klak | — |
| Mótvægi við langvinnar truflanir í mjógörn | Auðmeltanleg kolvetni, prótín og fita | Hestar | Auðmeltanlegir kolvetnis-, prótín- og fitugjafar og meðhöndlun þeirra ef við á | Allt að þrír mánuðir | Veita skal leiðbeiningar um hvenær notkun þessa fóðurs er viðeigandi.<br>Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða:<br>„Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun." |
| Að draga úr hættu á meltingartruflunum í víðgirni | Hátt trefjainnihald, en auðmeltanleg innihaldsefni | Hestar | Auðmeltanleg innihaldsefni og meðhöndlun þeirra ef við á | 1 – 2 vikur | Veita skal leiðbeiningar um hvenær notkun þessa fóðurs er viðeigandi.<br>Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða:<br>„Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun." |

| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|---|---|---|---|---|---|
| Að draga úr streituverkun | Auðmeltanleg innihaldsefni og hátt magníuminnihald | Hestar | — Magníum<br>— Auðmeltanleg innihaldsefni og meðhöndlun þeirra ef við á | 2 – 4 vikur | Veita skal leiðbeiningar um hvenær notkun þessa fóðurs er viðeigandi. |
| Mótvægi við tap á rafkleyfum efnum sem verður þegar dýrið svitnar mikið | Einkum rafkleyf efni og kolvetni sem eru auðveld til upptöku | Hestar | — Natríum<br>— Kalíum<br>— Klóríð<br>— Glúkósi | 1 – 2 dagar | Upplýsingar í notkunarleiðbeiningum:<br>„Dýrið verður ávallt að hafa aðgang að vatni.“ |

1) Framleiðanda er einnig heimilt að mæla með notkun í tengslum við tímabundna nýrnabilun, ef við á.

2) Ef mælt er með fóðrinu í tengslum við tímabundna nýrnabilun skal tímabil notkunar vera tvær til fjórar vikur.

3) Þegar um er að ræða fóður fyrir ketti má bæta setningunni „þvagrásarsjúkdómar katta“ eða „þvagrásarheilkenni katta – F.U.S.“ (feline urological syndrome) við dálkinn Sérstök næringarmarkmið.

4) Þegar um er að ræða fóður í tengslum við tiltekið óþol má tilvísun til tiltekins óþols koma í stað orðanna „innihaldsefnum og næringu“.

5) Framleiðanda er heimilt að bæta tilvísuninni „skortur á framleiðslu brissafa“ við dálkinn Sérstök næringarmarkmið.

6) Heimilt er að nota hugtakið „ketóneitrun“ í staðinn fyrir „súrdoða“.

7) Framleiðanda er einnig heimilt að mæla með notkun í tengslum við bata eftir súrdoða.

8) Þegar um er að ræða fóður fyrir mjólkurkýr.

9) Þegar um er að ræða fóður fyrir ær.

10) Þegar um er að ræða fóður fyrir mjólkurkýr: „Hámark tveir mánuðir frá því að mjólkurskeið hefst.“

11) Tilgreinið flokk jórturdýra.

4. gr.

Við lið 1.1 í VI. kafla A bætist nýr málsliður, svohljóðandi:

Innihaldi aukefni erfðabreyttar lífverur þá skal fara fram mat á umhverfisáhættu áður en því er sleppt af ásettu ráði út í umhverfið.

5. gr.

Í stað liðar 12.2 í VI. kafla D komi:

12.2 Ensím.

| Viðskiptaheiti | Virk innihaldsefni(1) | Virknieining í g eða fjöldi gerlaklasaeininga í g | Aðili ábyrgur fyrir að setja vöru í umferð (nafn og heimilisfang) |
|---|---|---|---|
| | | | |

(1) Fyrir örveirur: auðkenni stofnsins í samræmi við viðurkennt auðkenni aðþjóðlegs flokkunarkerfis ásamt geymslunúmeri stofnsins.

Fyrir ensím: Sérheiti í samræmi við ensímvirkni þeirra, auðkennisnúmer samkvæmt *International Union of Biochemistry* og ef þau eru af örverufræðilegum uppruna, auðkenni stofnsins í samræmi við viðurkennt auðkenni alþjóðlegs flokkunarkerfis ásamt geymslunúmeri stofnsins.

12.2.1. Ensím sem heimilt er að nota hér á landi.

Avizyme, óþynnt
Avizyme SX
Econan EGB
Porzyme SP, TP SF og SF100
Fytase (Natuphos 5000 og Natuphos 5000 L)

6. gr.

Við upptalningu efna í VI. kafla D bætist í viðeigandi töluliði:

| | |
|---|---|
| E 418 | Gettan-gummí, aðeins í niðursoðnum dósamat fyrir hunda og ketti |
| E 161j | Astaxanthin $C_{40} H_{52} O_4$, lax, silungur 100, aðeins heimilað í eldisfisk, sex mánaða og eldri |
| E 102 | Tartrazine $C_{16} H_9 N_4 O_9 S_2 Na_3$, skrautfiskar |
| E 110 | Sunset Yellow FCF, $C_{16} H_{10} N_2 O_7 S_2 Na_2$, skrautfiskar |
| E 124 | Ponceau 4 R, $C_{20} H_{11} N_2 O_{10} S_3 Na_3$, skrautfiskar |
| E 127 | Erythrosine $C_{20} H_6 I_4 O_5 Na_2 H_2O$, eitt sér eða í blöndu með Kantasantín |
| E 525 | Kalíum hýdroxíð, fyrir hunda og ketti |
| E 526 | Kalsíumhýdroxíð, fyrir hunda og kettti |

| EB-nr. | Aukaefni | Efnaformálalýsing | Dýrategund eða flokkur | Hámarksaldur | Lágmarksmagn Heilfóður, mg/kg | Hámarksmagn Heilfóður, mg/kg | Önnur ákvæði |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| E563 | Sepíólítkenndur leir | Vatnað magníumsílikat úr botnfallsefnum sem inniheldur að minnsta kosti 40% af sepíólíti og 25% af illíti laust við asbest. | Allar dýrategundir- og flokkar | - | - | 20.000 | Allt fóður |

7. gr.

Í töflu í B-lið VII. kafla reglugerðarinnar bætist eftirfarandi í tölulið 1.1.:

Heilfóður fyrir fiska 4

8. gr.

Við upptalningu í XII. kafla reglugerðarinnar bætist:

| | |
|---|---|
| Halofuginone | 93/070/EBE |
| Robenidine | 93/117/EB |
| Aflatoxin $B_1$ | 94/014/EB |

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 22 29. mars 1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytið, 28. desember 1995.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Jón Höskuldsson.*

Nr. 719 29. desember 1995

# REGLUGERÐ

**um leyfi afplánunarfanga til dvalar utan fangelsis.**

1. KAFLI

**Almenn ákvæði.**

1. gr.

Forstöðumaður fangelsis getur veitt fanga sem afplánar refsingu og er skráður í því fangelsi, leyfi til dvalar utan fangelsis eftir reglum 2. kafla og 5. kafla.